



Strandveiðifélag  
Íslands

## Samráðsgátt / Matvælaráðuneytið / mál nr. 7/2023

Reykjavík 27. febrúar 2023

Landssamband smábátæigenda, Samtök Fiskframleiðenda og Útflýttjenda, Samtök smærri útgerða, Strandveiðifélag Íslands.

Gera eftirfarandi athugasemdir við bráðabrigðatillögur starfshópa verkefnisins Auðlindarinnar okkar.

Félögin áskilja sér jafnframt rétt til að gera frekari athugasemdir við tillögur hópanna.

### Tillaga 11

**Allur veiddur afli komi í land. Setja hvata til að tryggja að óæskilegur afli komi að landi**

**(til úrvinnslu)**

Félögin taka eindregið undir það að skapa þurfi réttu hvatana til að allur afli komi að landi. Hluti af því geti verið að rýmka reglur um VS afla og að aukinn hlutur gangi til sjómanna, að hagsmunir beggja séu tryggðir. Jafnframt að fiskveiðiárið verði samfellt tímabil og reglurnar nái til allra útgerðarflokka. Athugandi væri að slíkt hið sama væri einnig skoðað varðandi undirmálafla og helmingur hans teljist ekki til „skammtsins“ hjá strandveiðibátum líkt og það sem reiknast ekki til kvóta.

### Tillaga 12

**Samræma vigtun afla og gera ferlið skilvirkara**

**(til úrvinnslu)**

Hætt verði með endurvigtun. Öll vigtun verði gerð endanleg á hafnarvog. Útgerðarflokkar væru flokkaðir í ísunarflokka. Útilega þarf meiri ís en dagróðrar, ásamt því að taka tillit til árstíma. Sjá má fyrir sér íshlutfall á bilinu 4-12% við hefðbundna ísun. Kostnaður vegna skekkju sem er á vigtun vegna endurvigtunar í dag og kostnaður þjóðarinnar vegna eftirlits og vinnu löggildra vigtarmanna, réttlætir að fullu þessa einföldun, vigtun ætti ekki að verða ónákvæmari á eftir en hún er í dag. Hagur útgerðaraðila ætti að felast í gæðum afla ekki því að komast upp með ranga vigtun. Verði það ofan á að ekki verði komist hjá endurvigtun, ætti hún að einskorðast við þriðja aðila, hlutlausan aðila sem á ekki beina aðild að umsýslunni.



Strandveiðifélag  
Íslands

### Tillaga 13

## Setja frekari skilyrði um gæði í meðhöndlun á fiski við strandveiðar

**(til úrvinnslu)**

Einelti er eina orðið sem kemur upp í hugan þegar tekin er út einn útgerðarflokkur og áætlað að auka hjá honum fræðslu, menntun, þjálfun og endurmentun. Fræðsla er alltaf góð en ætti miklu frekar að beinast að þeim útgerðarflokkum sem koma í land með lakari afla heldur en útgerðarflokk sem er á dagröðrum og á færaveiðum, þar sem hæstu verð á fiskmörkuðum endurspegla gæði aflans.

### Tillaga 16

## Við breytingar á strandveiðikerfi verði hugað að fyrirkomulagi sem hámarkar orkunýtingu

**(til umræðu)**

Við fögnum öllum tillögum í þá átt að auðvelda strandveiðisjómönnum að haga rekstri þannig að hagkvæmni verði sem mest. Bendum jafnframt á að orkunýting við veiðar smábáta er með margfalt betri en við botnvörpuveiðar. Áherslan ætti því að vera á að auka hlutfall veiða smábáta.

### Tillaga 17

## Viðhalda aflamarkskerfinu

**(til úrvinnslu)**

Það er afskaplega stór fullyrðing að segja að aflamarkskerfið hafi aukið hagkvæmni og hagsæld. Ekki hægt að láta hjá líða að krefja þann er þær línur skrifar að rökstyðja. Ekkert í gögnum starfshópana vísar til rannsókna í þá veru. Vert væri að bera saman núverandi stöðu sjávarútvegs og hagaðila við þá stöðu er uppi var fyrir daga kvótakerfis og þau markmið sem lagt var af stað með og fram koma í [frumvarpi](#) til laga um stjórn fiskveiða sem mælt var fyrir í efri deild Alþingi 15. febrúar 1990.

1. að afkastageta fiskiskipaflotans verði í samræmi til afrakstursgetu fiskistofnanna
2. að draga úr sókn vegna bágs ástands þorsstofnsins
3. að skapa grundvöll fyrir hagkvæmri og skynsamlegri nýtingu fiskistofnanna
4. að ná hámarksafrakstri af fiskveiðiauðlindinni fyrir þjóðfélagið í heild



Strandveiðifélag  
Íslands

## Tillaga 18

### **Skerpa og endurskoða markmið strandveiða**

**(til umræðu)**

Allar breytingar sem bætt geta stöðu strandveiðiflotans eru af hinu góða. Leiða má líkum að því út frá umhverfisþáttum svo sem orkunýtingu, að stækkun hans og rýmri mörk muni verða jákvæð fyrir fiskveiðistjórnunarkerfið í heild.

Nokkur dæmi um ávinning af strandveiðum:

- Eykur sátt um stjórn fiskveiða
- Gerir sjávarútveginn sýnilegri
- Eykur vægi umhverfisvænna veiða
- Fjölgar atvinnutækifærum sjómanna
- Svarar áliti Mannréttindanefndar SP
- Tryggir aðgengi að hágæða afla tryggt
- Eykur ekki hættu á ofveiði
- Tryggir jöfnuð milli landsvæða
- Býr til tækifæri til að hefja útgerð
- Viðheldur verkkunnáttu
- Tryggir frumbyggjarétt
- Hámarkar verðmæti

## Tillaga 19

### **Tilfærsla almenns byggðakvóta**

## Tillaga 21

### **Ráðstöfun sértækra byggðakvóta til byggða þar sem veiðar og vinnsla eiga framtíð fyrir sér**

**(til umræðu)**

Afnema ætti vinnsluskyldu í heimabyggð vegna byggðakvóta, en tryggja löndunarskyldu. Dæmin sanna að gríðarlegur misbrestur hefur orðið í viðskiptum milli aðila sem með byggðakvótann fara. Heimila ætti sölu afla á fiskmarkaði þar sem fiskvinnsla á svæðinu fengi 10% ívilnun á verð og nyti forkaupsréttar. Þannig fengist hæsta verð fyrir aflann, aukin atvinna skapaðist í heimabyggð og útsvar myndi aukast.



Strandveiðifélag  
Íslands

Almennur- og sértækur byggðakvóti verði eingöngu nýttir af dagróðrabátum styttri en 15 metrar.

Sá hluti byggðakvóta sem nýttur hefur verið af skipum 15 metrum og lengri verði færður til strandveiða og línuívilnunar. Gullkarfi, keila og langa skulu boðin upp á skiptimarkaði.

## Tillaga 20

### Endurskoða skel- og rækjubætur og línuívilnun

[\(til umræðu\)](#)

Rækju- og skelbætur sem skipt hafa um eigendur skulu renna til strandveiða og línuívilnunar. Gullkarfi, keila og langa skulu boðin upp á skiptimarkaði.

## Tillaga 22

### Afnema 5,3% kerfið og nýta afraksturinn til uppbyggingar dreifðra byggða

[\(til umræðu\)](#)

Eitt af markmiðum með „Auðlindin okkar“: „Nefndinni verði falið að bera saman stöðuna hér og erlendis og leggja fram tillögur til að hámarka möguleika Íslendinga til frekari árangurs og samfélagslegrar sáttar um umgjörð greinarinnar.“

Það er sameiginleg skoðun okkar sem stöndum af þessu bréfi að samfélagsleg sátt um umgjörð sjávarútvegsins verði ekki náð með því að verða við tillögu 22. Óumdeilt er að 5,3% ákvæði hefur aukið sátt um stjórn fiskveiða, þar skal t.d. nefnt að 712 útgerðaraðilar gerðu út til strandveiða á árinu 2022.

Aftur á móti má velta því fyrir sér hvort veiðigjald af kvótaframlagi og byggðakvóta sem viðkomandi útgerðir fá frá sínum byggðarlögum myndi renna óskipt til viðkomandi byggðarlaga.

## Tillaga 23

### Skoða hvort, hvar og hvernig sé heppilegt að koma á kerfi með svæðisbundnum nýtingarrétti

[\(til umræðu\)](#)

Í umræðu um tillöguna er vert að velta því upp hvort ekki sé rétt að gera tilkall til löndunarskyldu á svæðinu. Jafnframt að velta því fyrir sér að hluti leyfilegs heildarafla væri úthlutað á ákveðin svæði og báta (grásleppa undanskilin) þannig að nýting væri betur tryggð með sjálfbærni í huga.



Strandveiðifélag  
Íslands

Tillaga 24

## Herða veiðiskyldu

**(til umræðu)**

Það ætti að vera eitt af verkefnum hópans að velta fyrir sér tilganginum með því að kvótasetja allar tegundir. Þekkt er að sumar tegundir eru ekki veiddar og veiðar annarra stjórnast eingöngu af flakki þeirra inn og út úr lögsögu okkar. Ufsi er gott dæmi um þetta. Hámarksnýting veiðiheimilda ætti alltaf að vera markmið og sannarlega mætti skoða að herða á veiðiskyldu á ákveðnum tegundum til að ýta undir það.

Til þessa hafa undirritaðir haldið sig við tillögur sem komið hafa fram frá hópum sem starfa undir „Auðlindin okkar“. Því til viðbótar eru hér fjórir þættir sem við óskum eftir að verði ræddir í samstarfshópnum:

1.

### Línuívilnun

Línuívilnun verði styrkt og takmarkist við dagróðrabáta styttri en 15 metrar.

2.

### Frjálsar handfæraveiðar á ufsa

Undanfarin fiskveiðiár hefur stór hluti leyfilegs heildarafla í ufsa ekki verið nýttur til veiða. Á sl. þrem fiskveiðiárum var mismunur á leyfilegum heildarafli og afla um 86 þús. tonn, um 38% sem var óveitt.

3.

### Miðlun aflamarks

Til að tryggja gagnsæi í miðlun aflamarks verði Fiskistofu falið að bjóða upp allar veiðiheimildir sem viðkomandi útgerð hyggst ekki nýta með veiðum. Útgerðir dagróðrabáta sem eru styttri en 15 metrar skulu hafa forkaupsrétt á þorski og ýsu.

4.

## Samþjöppun

Útgerðir sem ráða yfir meira en helmingi þess sem leyfilegt kvótapak nemur greiði álag á veiðigjald fyrir úthutað aflamark sem fer umfram 50% af leyfilegu kvótapaki.

Það kemur undirrituðum mjög á óvart hverju er sleppt í umfjöllun starfshópanna.

### 1. Árangur aflaráðgjafar Hafrannsóknastofnunar.


Árið 1975 kom út eftirfarandi skýrsla frá Hafrannsóknastofnun. Gekk hún undir nafninu Svarta skýrslan:

<https://timarit.is/page/2847015#page/n5/mode/2up>

Í henni kemur fram að verði vísindamönnum stofnunarinnar hlýtt megi búast við (úr „svörtu skýrslunni“):



Það er nóturleg staðreynd að nú, 39 árum síðar er staðan þessi varðandi þær 7 fisktegundir sem lagt var upp með árið 1984.





Þá er hvergi fjallað um þá staðreynd að lokað hefur verið fyrir humarveiðar og innfjarðarækjuveiði heyrir nánast sögunni til.

## 2. Kolefnisfótspor sjávarútvegsins.

Í vísindatímaritinu Nature birtist hinn 17. mars 2021 ritrýnd vísindagrein undir fyrirsögninni „Protecting the global ocean for biodiversity, food and climate“

<https://archimer.ifremer.fr/doc/00686/79809/82604.pdf>

Greinin fjallar um kolefnislosun við togveiðar. Undirritaðir hafa ekki vísindalega þekkingu til að leggja dóm á innihald greinarinnar, en í ljósi þess að boðorð okkar tíma er að „fylgja vísindunum“ vekur það undrun að hvergi er vikið að þessu í störfum starfshópanna. Hver er ástæða þess?

Það er löngu vitað að smábátaflotinn eyðir lang minnstu eldsneyti á hvert kg dregið úr sjó við botnfiskveiðar. Munurinn er upb þrefaldur í samanburði við togveiðar.

## 3. Fiskveiðieftirlit Fiskistofu.

Fyrir nokkru fjárfesti Fiskistofa í mannlausum flygildum (drónum) og hóf – í leyfisleysi - að fljúga þeim yfir fiskibátum/skipum við strendur landsins. Á fundum með Fiskistofu var fullyrt að jafnræðis yrði gætt varðandi samsetningu fiskiskipaflotans, þ.e. milli stórra og smárra. Þetta hefur reynt alrangt. Hér er svar Fiskistofu við fyrirspurn Landssambands smábátæigenda:

Tímabil flugs í töflu er frá janúar til des 2021 (08.12.2021)

Veifaræri	Brottkast	Ekki brottkast	Samtals flug	Hlutfall brottkast í flugum
Botnvarpa	5	3	8	63%
Dragnót	35	26	61	57%
Grásleppunet	31	57	88	35%
Handfæri	32	48	80	40%
Kolanet	1	0	1	100%
Lína	26	15	41	63%
Nót	0	1	1	0%
Sjóstöng	1	4	5	20%
Þorskfisknet	11	19	30	37%
Samtals	142	173	315	45%

Yfir helmingur þorskaflans á Íslandsmiðum á tímabilinu sem tilgreint er hér að ofan er veiddur í botnvörpu, en innan við 5% á handfæri. Engu að síður er aðeins 2,5% yfirfluga yfir botnvörpum, en 25% yfir handfærabátum. Þá vekur sérstaka athygli áhugi Fiskistofu á því að fylgjast með grásleppuveiðimönnum. 28% yfirfluga beindist að þeim veiðiskap. Það er löngu vitað að þorskur er meðalfi í grásleppunet, sérstaklega í byrjun vertíðar. Sá meðafli telur vafalaust í tugum tonna, en er smáræði í stóru myndinni.

53% yfirfluga Fiskistofu var því yfir handfæra- og grásleppuveiðimönnum.

Undirritaðir telja að Fiskistofa hafi farið offari í þessum efnum. Á sama tíma og stofnunin hafði ekki leyfi til að setja upp myndavélaeftirlit á vinnsludekkum togveiðiskipa vegna „persónuverndarlaga“ fannst henni sjálfsagt og eðlilegt að sveima yfir litlum bátum við ströndina og mynda hvað sem henni sýnist þar sem vinnsludekk þeirra eru undir berum himni.

Við þetta má bæta að ekkert yfirflug var yfir togaraflothanum á árinu 2022.

Enginn starfshópanna sá ástæðu til að gera við þetta athugasemdir eða tillögur.



Strandveiðifélag  
Íslands

**4. Kynntar hafa verið 60 tillögur starfshópanna. Það vekur sérstaka athygli okkar hversu fáar þeirra lúta beinlínis að stjórnkerfi fiskveiða. (fylgiskjal).**

Aðeins 12 þessara tillagna lúta beinlínis að sjálfu stjórnkerfi fiskveiða og helmingur þeirra beinist að 5,3% „félagslega“ kerfinu. Jafnframt eru að þrjár af tillögnum 12 komnar til úrvinnslu:

- Viðhalda aflamarkskerfinu
- Yfirfara regluverk og aðgerðir innan fiskveiðistjórnunar, hvort þar séu þættir sem hamli eða skapi neikvæða hvata gegn stöðugu framboði íslenskra sjávarafurða
- Einfalda og samræma löggjöf á sviði fiskveiðistjórnunar í ein heildarlög.

Reykjavík 27. febrúar 2023

Arnar Atlason

Arthur Bogason

Þórólfur Júlían Dagsson

formaður SFÚ

formaður LS

formaður SFÍ